



Ljósmyndari: Birgir Teitsson

## SNÆFELLSÞJÓÐGARÐUR

# Þjóðgarðsmiðstöð á Hellissandi

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið í samvinnu við Umhverfisstofnun hafa byggt þjónustumiðstöð í Þjóðgarði Snæfellsjökuls á Hellissandi. Húsið er byggt eftir teikningu Arkís arkitekta ehf. Aðilar hönnunarteymis eru Arkís arkitektar ehf., EFLA hf., Liska ehf. og Verkís hf. Umsjón með framkvæmdum hafði FSRE (Framkvæmdasýslan – Ríkiseignir).

Byggingin mun hýsa þjónustumiðstöð þjóðgarðsins með sýningar- og kennsluaðstöðu, auk rýma fyrir starfsmenn þjóðgarðsins, svo sem skrifstofur, geymslur og aðstöðu fyrir þjóðgarðsverði, alls um 710 fm.

Byggingin samanstendur af tveimur meginbyggingum sem tengjast saman með miðrými. Önnur byggingin hýsir umsýslu fyrir daglegan rekstur þjóðgarðsins en hin starfsemi sem snýr að kennslu, fræðslu og upplýsingastarfi á hans vegum.

> ***„Mögnuð bygging er risin eftir langt og strangt ferli. Ég tel að íbúar, starfsfólk og ferðafólk muni hrífast af fallegum arkitektúr í stórkostlegu umhverfi.“***
>
> Kristján Rafn Harðarson, verkefnastjóri FSRE

Byggingarframkvæmdir hófust sumarið 2020 að afloknu útboði. Verktakafyrirtækið Húsheild var aðalverktaki byggingarinnar.

Byggingin er hönnuð og byggð í samræmi við alþjóðlega umhverfisvottunar-kerfið BREEAM.

| FERMETRAR | KOSTNAÐUR Í MILLJ. KR. | UMHVERFISVOTTUN |
|---|---|---|
| 710 | 640 | BREEAM |

FSRE

**VERKKAUPI**
Umhverfis- og auðlindarráðuneytið
Umhverfisstofnun
Snæfellsþjóðgarður

**UMSJÓN OG EFTIRLIT**
Framkæmdasýslan - Ríkiseignir (FSRE)
FSRE sá um eftirlit, verkefna- og byggingarstjórn á jarðvegs- og byggingarframkvæmdum.

**STÝRIHÓPUR**
FSRE, Umhverfisstofnun, Umhverfis og auðlindaráðuneytið

**HÖNNUN OG RÁÐGJAFAR Á UNDIRBÚNINGSTIGI**
Arkís, Efla, Verkís og Liska.

**VERKTAKAR**
Aðalverktaki: Húsheild ehf.
Jarðvinna: Stafnafell ehf.

**Byggingin var vígð 24. mars 2023.**